

í skilningi laga nr. 80/1938 eða ekki, því þó að lausn þess atriðis mundi ef til vill geta skipt máli um sekt eða sýknu stefnda, þá getur hún ekki leitt til frávisunar eins og kröfum stefnanda er háttað. Samkvæmt þessu verður frávisunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa stefnda í máli þessu verður ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 20. marz 1941.

Nr. 11/1940. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. firmans Höjgaard & Schultz A/S**
gegn

Trésmiðafélagi Reykjavíkur.

Varadómari hrm. Jón Ásbjörnsson í stað Kjartans Thors.

Mál út af því, hvort kjarasamningur hafi verið í gildi milli málsaðilja og hvort stefnda hafi verið heimilt að hefja verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 11. nóvember f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. firmans Höjgaard & Schultz A/S gegn Trésmiðafélagi Reykjavíkur. Gerir stefnandi þessar réttarkröfur í málinu:

1. Að Trésmiðafélag Reykjavíkur verði dæmt til að greiða sekt fyrir brot gegn 17. gr. laga nr. 80/1938, þar sem það hafi hafið vinnustöðvun um ágreining, sem einungis sé um atriði, sem félagsdómur eigi úrskurðarvald um.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að þegar umrætt verkfall hófst, hafi legið fyrir samningur, eða sammingsleg aðstaða, sem jafngilti samningi, milli Trésmiðafélags Reykjavíkur og firmans Höjgaard & Schultz A/S og milli firmans og trésmiða þeirra, sem hjá því unnu, þegar verkfallið hófst, með sama innihaldi, að því er snertir flutning trésmiða til vinnustaða við Hitaveitu Reykja-

- vikur, og samningur milli firmans og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar viðvikjandi flutningi verkamannanna við Hitaveitu Reykjavíkur til vinnustöðvanna fyrir ofan Elliðaár eða landamerki Grafarholts, sem næst liggja Elliðaánum, á undan og því utan vinnutíma á morgnana.
3. Að Trésmiðafélag Reykjavíkur verði dæmt til þess að greiða stefnanda skaðabætur eftir dómkvaddra manna mati, eða til vara eftir mati félagsdóms, fyrir allt það tjón, sem hið umrædda verkfall hafi orsakað eða hér eftir orsaki firmanu Höjgaard & Schultz A/S,
 4. Að Trésmiðafélag Reykjavíkur verði dæmt til þess, að greiða stefnanda skaðabætur eftir dómkvaddra manna mati, eða til vara eftir mati félagsdóms, sérstaklega fyrir það, að Trésmiðafélagið hafi átt sök á því, að fjórir trésmiðir, sem verið hafa fastráðnir hjá firmanu Höjgaard & Schultz A/S, hafi gert sig seka í sammingsrofum gagnvart firmanu með því að leggja niður vinnu hjá því fyrirvaralaust, þrátt fyrir gildandi ráðningarsamninga þeirra við firmað, og
 5. að Trésmiðafélag Reykjavíkur verði dæmt til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Með framhaldsstefnu, dags. 14. jan. þ. á., gerir stefnandi enn fremur eftirfarandi kröfur:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt fyrir brot gegn 14. grein áðurnefndra laga.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur eftir dómkvaddra manna mati, eða til vara eftir mati félagsdóms, fyrir allt það tjón, sem hið umrædda verkfall hafi orsakað eða hér eftir orsaki firmanu Höjgaard & Schultz A/S, og
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krafðist í upphafi aðallega frávisunar málsins, með þeim rökum, að það heyrði ekki undir félagsdóm, en eftir að þeirri kröfu var hrundið með úrskurði, uppkveðnum 11. þ. m., krefst hann algerðrar sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 21. október 1939 var gerður munnlegur samningur milli firmans Höjgaard & Schultz A/S og Verkamannafélags-

ins Dagsbrúnar um það, á hvaða stað og tíma þeir verkamenn skyldu mæta til vinnu, sem unnu við Hitaveitu Reykjavíkur, en nefnt firma hafði á hendi framkvæmd hennar. Samningur þessi var síðan staðfestur bréflega. Það eitt ákvæði hans skiptir hér máli, að þegar unnið væri fyrir innan Elliðaár, skyldu verkamenn koma að geymslustöð hitaveitunnar við Flólagötu í Reykjavík svo snemma morguns, að unnt væri að flytja þá í bifreiðum til vinnustaðar áður en vinnutíminn byrjaði, og skyldi firmað flytja verkamennina aftur til bæjarins að vinnutímanum loknum, hvorttveggja ókeypis.

Á þessu atriði samningsins var síðar gerð sú breyting, að miðað skyldi við landamerki Grafarholts í stað Elliðaánna, þannig, að þegar unnið væri fyrir innan greind landamerki, skyldi regla þessi um flutning verkamannanna koma til greina.

Auk verkamannanna unnu nokkrir trésmiðir úr Reykjavík að hitaveitunni, og var starf þeirra mjög samtvinnað störfum verkamannanna og fór það fram á sömu vinnustöðum. Um flutning trésmiðanna til og frá vinnustað var ekki gerður sérstakur samningur, en í framkvæmdinni fór um flutning þeirra eins og um flutning verkamannanna, og virðast trésmiðirnir hafa gert ráð fyrir því, að sömu reglur giltu um flutning þeirra eins og verkamannanna.

Eftir að það fyrirkomulag um flutning verkamanna og trésmiða, sem nú hefur verið lýst, hafði haldizt um hríð, hófust, um mánaðamótin maí—júni f. á., samningaumleitanir milli firmans Höjgaard & Schultz A/S annars vegar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Trésmiðafélags Reykjavíkur hins vegar, um gerð þeirra bifreiða, sem notaðar voru til flutninganna. Hinn 5. júní ritaði firmað samhljóða bréf til beggja félaganna um gerð bifreiðanna, en af vangá komst bréfið til Trésmiðafélags Reykjavíkur ekki í þess hendir í tæka tíð. Bréfi firmans svaraði Verkamannafélagið Dagsbrún með bréfi, dags. 12. júlí f. á., þar sem það samþykkti með nokkrum takmörkunum tillögur firmans um gerð þeirra bifreiða, sem nota mætti til flutninganna. Á þetta bréf Dagsbrúnar var af hálfu Trésmiðafélags Reykjavíkur skráð svo hljóðandi yfirlýsing:

„Enda þótt vér ekki höfum fengið bréf frá Höjgaard & Schultz, sem vér væntum þó samkvæmt samtali, verðum vér

að líta svo á, að flutningur verkamanna nái einnig til trésmiða, og þess vegna undirritum vér ofangreint bréf sem samþykkir því.

F. h. Trésmiðafélags Reykjavíkur
Ragnar Þórarinsson
(F. h. stjórnarinnar).“

Meðan á samningaumleitunum stóð um þetta efni hreyfði formaður Trésmiðafélagsins því við fyrirsvarsmenn firmans Höjgaard & Schultz A/S, að það væri ekki í samræmi við venjur hér, að flytja trésmiðina báðar leiðir utan vinnutíma, en ekki er upplýst í málinu, hvað þeim fór nánar á milli um þetta efni. Hins vegar hélzt fyrirkomulagið óbreytt fram eftir sumrinu, án þess að frekari kvartanir kæmu fram.

Í ágústmánuði fyrra árs kom upp deila milli firmans og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar um það, hvað löngu fyrir byrjun vinnutímans verkamennirnir skyldu leggja af stað á morgnana. Hinn 28. ágúst neituðu verkamennirnir að fara af stað á þeim tíma, sem firmað taldi réttan, en trésmiðirnir komu á ákveðnum tíma og voru reiðubúnir að fara til vinnu sinnar. En þar eð ekki var unnið af hálfu verkamannanna þennan dag fór svo, að sumir trésmiðanna misstu af vinnu um daginn. Sneru þeir sér til Trésmiðafélags Reykjavíkur út af þessu, og ritaði það síðan næsta dag, 29. ágúst, firmanu Höjgaard & Schultz A/S bréf, þar sem það fór fram á, að trésmiðum þessum yrði greitt fullt kaup fyrir nefndan dag, þar eða þeir hefðu verið komnir „á réttum tíma“ tilbúnir til að fara á vinnustaðinn. Þessu bréfi virðist firmað Höjgaard & Schultz A/S ekki hafa svarað bréflega, en því hefur verið lýst yfir, að firmað hafi verið reiðubúið til þess að inna þessa greiðslu af hendi.

Þann 4. september ritar Trésmiðafélag Reykjavíkur firmanu Höjgaard & Schultz A/S enn bréf, þar sem það vekur athygli á því, að framangreint fyrirkomulag um flutning manna til og frá vinnustað sé ekki í samræmi við venju hér, en hún sé sú, að flutningurinn fari aðra leiðina fram í tíma vinnuveitanda. Óskar það þess jafnframt, að flutningi á félagum í trésmiðafélaginu verði framvegis hagað samkv. þessari venju. Þessu bréfi trésmiðafélagsins svaraði firmað með bréfi, dags. 9. s. m., þar sem það mótmælir því, að hér hafi ríkt sú venja um flutning manna við vinnu utan Reykja-

vikur, sem trésmiðafélagið hafði haldið fram. Skírskotar firmað til sammings síns við Verkamannafélagið Dagsbrún um þetta efni og til þess, að félagar trésmiðafélagsins hafi starfað í hér um bil 10 mánuði á sama hátt, enda hljóti flutningur trésmiða að fara fram samtímis flutningi verkamanna í sömu bifreiðum. Telja þeir, að fyrir liggi samkomulag í framkvæmd um að sama gildi fyrir féлага trésmiðafélagsins sem um féлага Dagsbrúnar. Eftir þetta fóru fram samkomulagsumleitanir um málið, en þær leiddu ekki til árangurs. Hinn 13. september tilkynnti svo firmað Højgaard & Schultz A/S trésmiðafélaginu, að firmað ætlaði sér að reisa vinnuskýli við vinnustöðvarnar, svo sem venja væri hjá Vegagerð ríkisins, og félli þá niður daglegur flutningur manna til og frá vinnustað. Þessari tilkynningu svaraði trésmiðafélagið ekki beinlínis, en með bréfi, dags. 21. s. m., tilkynnti það firmanu, að á fundi félagsins daginn áður hefði verið gerð fundarsamþykkt, þar sem lýst var megnustu óánægju yfir því fyrirkomulagi, sem ríkt hefði um flutning trésmiðanna, og stjórn félagsins falið að reyna enn á ný samkomulag við firmað um að koma þessu í lag. Enn fremur að heimila félagsstjórninni að fyrirskipa almenna atkvæðagreiðslu innan félagsins um það, hvort hefja skyldi verkfall á firmað, fengizt ekki viðunandi lausn á máli þessu.

Samkomulagsumleitanir um málið fóru nú fram, og hafði framkvæmdarnefnd Vinnuveitendafélags Íslands þær með höndum f. h. firmans Højgaard & Schultz A/S. Gerðu umboðsmenn trésmiðafélagsins þær kröfur, að firmað greiddi trésmiðum næturvinnukaup frá því lagt væri að stað úr Reykjavík að morgni og til kl. 7 árdegis, ella legðu smiðir af stað kl. 7 og fengju fulla kaupgreiðslu frá þeim tíma. Að þessu vildi firmað ekki ganga, en hélt fast við ákvörðun sína í bréfinu frá 13. september, um að koma upp vinnuskýlum fyrir trésmiðina á vinnustöðvum. Tókst ekki samkomulag milli aðilja um málið.

Stjórn trésmiðafélagsins lét nú fram fara almenna atkvæðagreiðslu í félaginu, um að fela stjórninni að láta hefja vinnustöðvun hjá firmanu Højgaard & Schultz A/S, þar til það hefði gengið að þeim samningum við félagið um flutning meðlima þess til og frá vinnustað í tíma vinnuveitanda, sem félagsstjórnin teldi aðgengilega. Var þetta samþykkt með 114 atkvæðum gegn 23, og var það tilkynnt firmanu með

bréfi, dags. 3. okt. f. á., og að félagsstjórnin hefði ákveðið að vinnustöðvun skyldi hafin að morgni þess 11. s. m. Samtímis var þessi ákvörðun tilkynnt sáttasemjara ríkisins, sem síðan reyndi að koma á samkomulagi milli aðilja, en árangurslaust. Höfst verkfallið svo á tilteknum tíma.

Á meðal trésmiða þeirra, sem unnið höfðu hjá firmanu, voru 4 ráðnir með sérstökum samningum. Sneru þeir sér til stjórnar trésmiðafélagsins og spurðust fyrir um, hvort verkfallið næði einnig til þeirra, og fengu það svar, að svo væri. Lögðu þeir því einnig niður vinnu hjá firmanu.

Kröfu sína í 1. lið frumstefnunnar byggir stefnandi á því, að þar eð firmað Höjgaard & Schultz A/S hafi haldið því fram, að samningur væri kominn á milli þess annars vegar og og bæði trésmiðanna, sem hjá því unnu, og trésmiðafélagsins sjálfs hins vegar, um flutning trésmiða til vinnustaða við hitaveituna, þá hafi trésmiðafélaginu borið að leggja málið fyrir félagsdóm og því verið óheimilt að hefja verkfall hjá firmanu að svo stöddu. Enn fremur telur hann, að þar eð firmað Höjgaard & Schultz A/S hafi boðizt til að reisa vinnuskýli við vinnustaðina fyrir trésmiðina, sem sé í samræmi við venju, þegar unnið sé utanbæjar, þá hafi einnig verið óheimilt að hefja verkfall út af þessu, þar sem félagsdómur eigi úrskurðarvald um það, hvort sú venja sé orðin svo rík, að talizt geti samningur.

Kröfu sína í 2. lið frumstefnunnar byggir stefnandi á því, að með framkomu sinni, sérstaklega með árituninni á bréf Verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá 12. júní f. á., og með ummælunum í bréfi sínu frá 29. ágúst f. á., um að trésmiðirnir hafi komið á réttum tíma, tilbúnir til að fara á vinnustaðinn, þegar vinnustöðvunin varð við hitaveituna daginn áður, hafi trésmiðafélagið gert bindandi samning við firmað Höjgaard & Schultz A/S um flutning trésmiða frá og til vinnustaða, samhljóða samningi firmans og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar um það efni. Svo hafi og trésmiðirnir sjálfir gerzt aðiljar að þeim samningi með því að fara eftir honum mánuðum saman.

Kröfu sína í 3. lið frumstefnunnar byggir stefnandi á því, að firmað Höjgaard & Schultz A/S hafi orðið fyrir tjóni við verkfall trésmiðafélagsins, og beri trésmiðafélaginu að bæta það tjón, þar sem verkfall þess hafi verið ólögmaett.

Kröfu sína í 4. lið frumstefnunnar byggir stefnandi á því,

að trésmiðafélagið hafi átt sök á því, að 4 fastráðnir trésmiðir hjá firmanu Højgaard & Schultz A/S hafi gerzt sekir um sammingsrof gagnvart firmanu, með því að leggja niður vinnu hjá því fyrirvaralaust, og þannig bakað því tjón, sem trésmiðafélagið beri ábyrgð á samkv. niðurlagi 8. gr. laga nr. 80 frá 11. júní 1938.

Kröfur sínar í 1. lið framhaldsstefnunnar byggir stefnandi á því, að umboðsmaður stefnds hafi í málflutningnum viðurkennt, að það hafi öllu fremur verið hagsmunir atvinnurekendanna í trésmiðafélaginu, sem urðu þess valdandi, að verkfallið var gert hjá firmanu Højgaard & Schultz A/S heldur en hagsmunir trésmiðanna, sem störfuðu hjá félaginu, og telur stefnandi, að óheimilt hafi verið af þessum sökum að hefja verkfall, sbr. 14. gr. í áðurnefndum lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Kröfuna í 2. lið byggir hann á því, að stefnda beri að greiða skaðabætur fyrir allt það tjón, sem hann hafi beðið vegna verkfallsins, þar eð það hafi þannig verið byggt á ólögmaetum grundvelli.

Stefndi krefst sýknu af fyrsta kröfulið frumstefnunnar á þeim grundvelli fyrst og fremst, að til þess að óheimilt sé að stofna til verkfalls vegna ákvæða 1. liðs 17. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sé ekki nægjanlegt að annar aðilja telji samning liggja fyrir um deiluatriðið, heldur þurfi slíkur samningur í raun og veru að vera til. Staðhæfingu stefnanda um, að venja sé fyrir hendi, sem leysi vinnuveitenda undan flutningi verkamanna á vinnustað, þegar þar séu reist vinnuskýli, mótmælir hann, enda geti slík venja, þótt til væri, ekki gilt sem samningur. Hann telur, að enginn samningur hafi stofnast milli firmans Højgaard & Schultz A/S og Trésmiðafélags Reykjavíkur um flutning trésmiða til og frá vinnustað, enda hafi stjórn trésmiðafélagsins verið með öllu grandalaus um tilveru sammings milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og firmans Højgaard & Schultz A/S um flutning verkamanna, þegar áritunin fór fram á bréf Dagsbrúnar frá 12. júní f. á., sem áður getur, og orðin á „réttum tíma“ í bréfi trésmiðafélagsins frá 29. ágúst lúti aðeins að þeim tíma, sem firmað hafi ákveðið. Mótmælir stefndi á þessum grundvelli einnig kröfum stefnanda í 2. lið frumstefnunnar. Þá mótmælir hann og kröfum stefnanda í 3. og 4. lið, þar eð verkfallið hafði verið löglegt. Hann neitar því

enn fremur, að um nokkra fastráðna trésmiði hafi verið að ræða, en þó svo hefði verið, telur hann með skírskotun til 18. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur, að heimilt hafi verið að láta þá hætta vinnu, þegar félagið gerði vinnustöðun hjá firmanu.

Kröfu stefnanda í 1. lið framhaldsstefnunnar telur stefndi ekki á rökum byggða, þar eð verkfallið hafi verið hafið til að knýja fram kröfur trésmiða þeirra, sem unnu hjá firmanu, og geti það engin áhrif haft á lögmati verkfallsins, þótt hagsmunir atvinnurekenda í félaginu hafi ráðið miklu um það, að til þess var stofnað. Mótmælir hann því einnig skaðabótakröfu stefnanda í 2. lið framhaldsstefnunnar.

Þá hefur stefndi og krafizt sýknu á þeim grundvelli, að Trésmiðafélag Reykjavíkur sé ekki stéttarfélag.

Eins og máli þessu er háttað, þykir rétt að taka fyrst til athugunar kröfur stefnanda í 2. lið frumstefnunnar.

Fyrri krafan í þessum lið er, eins og áður segir, þess efnis, að viðurkennt verði, að samningur eða sammingsleg aðstaða, sem jafngildi samningi, hafi legið fyrir milli hins stefnda félags og firmans Höjgaard & Schultz A/S um deiluatríðið, þegar verkfallið hófst. Á þetta verður ekki fallizt. Trésmiðafélag Reykjavíkur tók ekki þátt í samningum þeim, sem Verkamannafélagið Dagsbrún og firmað Höjgaard & Schultz A/S gerðu með sér um flutning verkamanna til og frá vinnustað, og eigi gerði það heldur sérstakan samning um þetta efni við firmað. Bréf Dagsbrúnar til firmans frá 12. júní f. á., sem Trésmiðafélag Reykjavíkur ritaði fyrrgreinda yfirlýsingu sína á, lýtur eingöngu að gerð bifreiða þeirra, sem fluttu mennina til og frá vinnustað, og gegn neitun stefnda er það ósannað, að forráðamönnum Trésmiðafélags Reykjavíkur hafi þá verið kunnugt um ofangreindan samning við Verkamannafélagið Dagsbrún. Verður því ekki staðhæft, að yfirlýsing þessi lúti að öðru en gerð bifreiðanna eins og bréfið sjálft. Ummælin í bréfi stjórnar Trésmiðafélagsins frá 29. ágúst f. á., um að smiðirnir hafi komið á réttum tíma daginn fyrir, verða af sömu ástæðum ekki skilin sem skrifleg viðurkenning þess, að fyrir lægi samkomulag milli Trésmiðafélags Reykjavíkur og firmans Höjgaard & Schultz A/S. Þurfti því ekki að liggja annað í þessum orðum en að smiðirnir hefðu komið á þeim tíma, sem firmað hafði krafizt. Það ber því að sýkna stefnda af þessum kröfulið stefnanda.

Síðari kröfu stefnanda í þessum lið, um að viðurkennt verði, að samningur hafi komið á milli firmans og trésmiða þeirra, sem hjá því unnu, þegar verkfallið hófst, sama efnis og samningur firmans við Dagsbrún, ber að vísa frá dómi, þegar af þeirri ástæðu, að trésmiðum þessum hefur eigi verið stefnt til að svara til sakar í málinu, heldur einungis stjórn Trésmiðafélags Reykjavíkur fyrir hönd félagsins.

Að því er snertir 1. kröfulið stefnanda í frumstefnunni, um sekt fyrir brot gegn 17. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, þá verður slík sekt samkv. framanskráðu ekki byggð á því, að samningur hafi í raun og veru legið fyrir um deiluatríðið. Þó sú venja væri fyrir hendi um viðlegu í vinnuskýlum, sem stefnandi heldur fram, en ekki verður þó talin nægilega sönnuð, þá gæti hún ekki jafngilt samningi í merkingu 6. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Verkfall þetta, sem stóð einnig í sambandi við hin fyrirhuguðu vinnuskýli, snerist því ekki eingöngu um atríði, sem félagsdómur átti úrskurðarvald um, enda verður og að fallast á það með stefnda, að staðhæfing annars aðilja um að samningur sé fyrir hendi um deiluatríði, nægi ekki til að óheimila verkfall.

Þá þykir rétt að taka til athugunar fyrsta kröfulið framhaldsstefnunnar, um að stefndi (í stefnunni misritað „stefnandi“) verði dæmdur í sekt fyrir brot gegn 14. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sökum þess, að tilgangurinn með verkfallinu hafi verið ólögmaður og það því gagnstætt lögum.

Eins og áður segir, gerði Trésmiðafélag Reykjavíkur þær kröfur í sambandi við verkfallið, að trésmiðir þeir, sem unnu hjá firmanu Højgaard & Schultz A/S, fengu annað hvort greitt næturvinnukaup frá því lagt væri af stað að morgni til kl. 7 árdegis, eða að ekki yrði lagt af stað fyrir en kl. 7 árdegis, og að trésmiðirnir fengju þá greitt fullt kaup frá þeim tíma. Verkfallið var því hafið til þess að koma fram ákveðnum kröfum til hagsbóta fyrir trésmiði þá, sem unnu hjá firmanu Højgaard & Schultz A/S. Verður að fallast á það með stefnda, að slíkt verkfall verði ekki ólögmaðt fyrir þá sök, þótt hagsmunir atvinnurekenda í Trésmiðafélagi Reykjavíkur hafi haft meiri eða minni áhrif á það, að verkfallið var hafið. Krafan um sekt á hendur Trésmiðafélagi Reykjavíkur fyrir brot á ofanefndri grein laga um stéttarfélög og vinnudeilur verður því ekki tekin til greina.

Þegar af þeirri niðurstöðu, sem nú hefur verið komið að,

leiðir, að kröfur stefnanda í 3. lið frumstefnunnar og í 2. lið framhaldsstefnunnar um skaðabætur vegna ólögmæts verkfalls, verða ekki teknar til greina.

Að því er loks snertir kröfu stefnanda í 4. lið frumstefnunnar um skaðabætur sökum þess, að hið stefnda Trésmiðafélag Reykjavíkur hafi átt sök á því, að fjórir fastráðnir trésmiðir hjá firmanu lögðu niður vinnu, þá er sú krafa byggð á því, að trésmiðir þessir hafi gerzt sekir um sammingsrof gagnvart firmanu og með því bakað firmanu tjón. En þar sem trésmiðum þessum hefur ekki verið stefnt í málinu, er eigi unnt að dæma um það, hvort þeir hafi gerzt sekir um sammingsrof við firmað, og verður þegar af þeirri ástæðu að vísa þessari kröfu stefnanda frá dómi.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Kröfu stefnanda um að viðurkennt verði, að þegar framangreint verkfall hófst, hafi legið fyrir samningur, eða sammingsleg aðstaða, sem jafngildi samningi, milli firmans Höjgaard & Schultz A/S og trésmiða þeirra, sem hjá því unnu, svo og kröfu stefnanda, um að Trésmiðafélag Reykjavíkur verði dæmt til greiðslu skaðabóta út af því, að fjórir fastráðnir trésmiðir hjá firmanu Höjgaard & Schultz A/S lögðu niður vinnu, þegar verkfallið hófst, samkv. fyrirælum Trésmiðafélags Reykjavíkur, visast frá dómi.

Að öðru leyti á stefndi að vera sýkn af kröfum stefnanda í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.